



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. desember 2012

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum - mál nr. 468.

Samtök iðnaðarins gera eftirfarandi athugasemdir við nokkrar greinar frumvarpsins:

Breyting á lögum nr.50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum

Í 2. gr. er lagt til að bráðabirgðaákvæði um heimild til 100% endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu á byggingastað við nýbyggingar og viðhald á íbúða- og frístundahúsnæði sem og húsnæðis í eigu sveitarfélaga verði framlengt til 1. janúar 2014. Heimildin nær einnig til hönnuða og eftirlitsaðila. Samtökin fagna þessari breytingu og telja að átakið **Allir vinna** sem stjórnvöld hafa staðið að með Samtökum iðnaðarins og fleiri hagsmunaaðilum hvetji til framkvæmda með lögumtætti og stemmi þar með stigum við svartri atvinnustarfssemi. Til að draga enn frekar úr svartu atvinnustarfssemi hafa SI lagt til að skoðaður verði möguleiki á 110% endurgreiðslu virðisaukaskatts sem yrði þá aukinn hvati fyrir allar greiddur til að fá löglegan reikning því endurgreiðslan næmi hærri fjárhæð en greiddur virðisaukaskattur. Telja SI að kostnaðurinn sem af þessu hlytist kæmi til baka í ríkissjóð og gott betur í formi hærri tekjuskattsgreiðslum verktaka.

Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald

Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að atvinnuþryggingagjald verði lækkað úr 2,45% í 2,05%. Jafnframt er lagt til að almennt tryggingagjald verði hækkað úr 4,99% í 5,29%. SI mótmæla eindregið hækkun almenna tryggingagjaldsins um 0,3%. Hækkunin takmarkar möguleika atvinnulífsins til að hækka laun skv. kjarasamningum þann 1. febrúar nk. Ennfremur er hækkun gjaldsins í beinu ósamræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga frá maí 2011. Lækkun atvinnuþryggingagjaldsins í takt við minnkandi atvinnuleysi var ein af forsendum þess að atvinnurekendur samþykktu kjarasamninga. Að mati SI eru forsendur fyrir því að lækka gjaldið frekar en að hækka það enda eru áætlaðar tekjur sjóðsins umfram gjöld 1,4 milljarður króna.

Breyting á lögum nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta

Í 18. Grein er lagt til að sólalagsákvæði laga nr. 129/2009 verði framlengt til ársloka 2015 en það átti að falla úr gildi í árslok 2012 í samræmi við samkomulag sem álfyrirtækin og Elkem gerðu við stjórnvöld í desember 2009. Samkomulagið fól í sér fyrirframgreiðslu tekjuskatts á árunum 2010-2012 gegn því að álagning raforkuskatts yrði tímabundin til þriggja ára. Fyrirtækin hafa að fullu staðið við sinn hluta samningsins og greitt samtals 2.236 milljónir í tekjuskatt fyrirfram. Með framlengingu sólalagsákvæðisins ganga stjórnvöld á bak orða sinna.



Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess að erlendir fjárfestar á Íslandi geti treyst samningum við íslensk stjórnvöld. Framlenging ákvæðisins eru skýr skilaboð til fjárfesta um að svo sé ekki. Ennfremur bendir margt til að fyrrgreind áform gangi gegn ákvæðum fjárfestingasamninga félaganna við íslensk stjórnvöld. Ef svo reynist blasir við að íslensk stjórnvöld skapa sér skaðabótaskyldu gagnvart félögunum.

Samtök iðnaðarins,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Orri Hauksson'.

Orri Hauksson
Framkvæmdastjóri SI

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Bjarni Már Gylfason'.

Bjarni Már Gylfason
Hagfræðingur SI